



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

FYRSTA AÐALDEILD

**MÁLID TRAUSTASON O.FL. GEGN ÍSLANDI**

*(Kæra nr. 44081/13)*

DÓMUR

STRASBORG

4. maí 2017

*Dómur þessi verður endanlegur með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 44. gr. samningsins. Texti hans kann að sæta breytingum ritstjóra.*



**Í málinu Traustason o.fl. gegn Íslandi**

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (fyrsta aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Linos-Alexandre Sicilianos, *forseta*,  
Ledi Bianku,  
Aleš Pejchal,  
Robert Spano,  
Pauliine Koskelo,  
Tim Eicke,  
Jovan Ilievski, *dómurum*,

og Abel Campos, ritara aðaldeildar,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 4. apríl 2017,  
upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag er síðast greinir:

**MÁLSMEDFERÐ**

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 44081/13), sem þrír íslenskir ríkisborgarar, Reynir Traustason (fyrsti kærandi), Jón Trausti Reynisson (annar kærandi) og Ingi Freyr Vilhjálmsson (þriðji kærandi), lögðu fram gegn Íslandi með tilvísun til 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttinasáttmálinn“) hinn 6. júní 2013.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

3. Kærendur töldu, með vísan til 10. gr. Mannréttinasáttmálans, að með dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp 5. mars 2012, og dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 15. nóvember 2012, hefði verið brotið gegn rétti þeirra til tjáningarfrelsis, sem tryggður er skv. 10. gr. Mannréttinasáttmálans.

4. Kæran var send ríkinu 20. nóvember 2015. 1. apríl 2016 sendi ríkið inn athugasemdir sínar.

5. 30. júní 2016 svöruðu kærendur með eigin athugasemdum og kröfu um sanngjarnar bætur. Gögnin frá kærendum bárust eftir að fresturinn var liðinn, sem dómstóllinn veitti, og ekki var farið fram á frekari frest áður en sá frestur rann út. Af þeim sökum, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. reglna dómstólsins og 20. gr. leiðbeininga dómstólsins um starfshætti varðandi skriflegan málflutning, ákvað forseti aðaldeildar að greinargerðir kæranda skyldu ekki fylgja þeim málsgögnum sem dómstóllinn hefði til umfjöllunar.

## MÁLSATVIK

### I. MÁLAVEXTIR

6. Fyrsti kærandi er fæddur 1953 og búsettur í Mosfellsbæ, annar kærandi er fæddur 1980 og búsettur í Reykjavík og þriðji kærandi er fæddur 1980 og búsettur á Seltjarnarnesi. Á þeim tíma sem um ræðir sátu fyrsti og annar kærandi í ritstjórn dagblaðsins DV en þriðji kærandi var blaðamaður hjá DV.

7. 30. september 2010 var íslenskt einkahlutafélag (hér eftir „félagið“) úrskurðað gjaldþrota. Félagið var stofnað 1960 og er leiðandi iðnfyrirtæki í framleiðslu plastumbúða

8. Í október 2010 réð skiptastjóri þrotabúsins endurskoðunarfyrtæki til þess að rannsaka bókhald félagsins.

9. 31. janúar 2011 skilaði endurskoðunarfyrtækið skýrslu þar sem finna mátti vísbendingar um refsiverða háttsemi af hálfu stjórnarmanna. Formaður stjórnar, A, sem einnig var einn eigenda félagsins, starfaði á þeim tíma sem lektor við Háskóla Íslands.

10. Skiptastjóri tilkynnti um hina meintu refsiverðu háttsemi til lögreglu. Eignarhaldsfélag og banki kærðu jafnframt félagið og A til lögreglu.

11. 14. mars 2011 birtist í DV mynd af A á forsíðu með fyrirsögninni „Kolsvört skýrsla um [félagið]: Lögreglan rannsakar lektor“. Grein um málið var að finna á bls. 2 og 3. Þriðji kærandi var nafngreindur sem höfundur. Fyrirsögn greinarinnar var „Lektor flæktur í rannsókn“ og til hliðar við hana var birt önnur mynd af A. Greinin byggði á upplýsingum úr skýrslu endurskoðunarfyrtækisins. Ekki er vitað hvernig kærendum var kunnugt um skýrsluna og efni hennar. Í greininni var m.a. fjallað um A, sem var stjórnarmaður og einn þriggja eigenda félagsins og fyrrum umsjónarmaður með MBA námi og lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Í greininni var stöðu félagsins lýst með tilvísunum í skýrslu endurskoðunarfyrtækisins. Var greint frá því að félagið hefði greitt kostnað A, sem ólíklegt væri að tengdist rekstri fyrirtækisins. Einnig hefði komið fram í skýrslunni að A og einum meðeiganda hans hefði verið kunnugt um alvarlega stöðu félagsins löngu áður en það var lýst gjaldþrota árið 2010. Var niðurstaða skýrslunnar að gengið hefði verið á eignir félagsins að hluta þegar ljóst var að það var ógjaldfært. Þessar eignir hefðu í raun verið færðar yfir til annars félags í eigu meðeiganda A. Þegar félagið var lýst gjaldþrota 30. september 2010 skuldaði það um það bil 1.100.000.000 kr. (u.þ.b. 7.150.000 evrur á þeim tíma) til stórs banka á Íslandi. Hafði þessi fjárhæð hækkað verulega eftir fjármálakreppuna 2008.

12. 16. mars 2011 barst lögmanni A tölvupóstur frá saksóknara þar sem staðfest var að tilkynning skiptastjóra hefði borist og væri „til skoðunar“ og að tvær aðrar kærur sem borist hefðu lögreglunni væru einnig til skoðunar. Tók saksóknari fram að ekki hefði verið tekin formleg ákvörðun um lögreglurannsókn. Lögmaður A sendi þennan tölvupóst til fyrsta kæranda og

fór fram á leiðréttingu hinna umdeildu ummæla. Fyrsti kærandi hafnaði beiðninni.

13. 28. apríl 2011 höfðaði A meiðyrðamál gegn kærendum og DV fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess að ummælin sem birtust í DV, „lögreglan rannsakar lektor“ og „lektor flæktur í lögreglurannsókn“ yrðu dæmd dauð og ómerk og að kærendum yrði gert að greiða miskabætur auk kostnaðar af birtingu dómsins.

14. Kærendur og A gáfu skýrslu fyrir dóminum og tölvupósturinn frá 16. mars 2011 frá saksóknara til lögmanns A var meðal gagna sem lögð voru fram.

15. Með dómi, sem kveðinn var upp í héraðsdómi 5. mars 2012, var komist að þeirri niðurstöðu að bæði hin umdeildu ummæli hefðu verið ærumeiðandi og kærendum gert að greiða A 200.000 krónur (u.þ.b. 1.600 evrur) í miskabætur, auk dráttarvaxta, 200.000 krónur til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins og 500.000 krónur (u.þ.b. 4.200 evrur) til að greiða málskostnað A í héraði. Ummælin voru dæmd dauð og ómerkt.

16. Í dóminum var m.a. að finna eftirfarandi rökstuðning:

„... Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. [stjórnarskrárinnar] eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hins vegar eru tjáningarfrelsinu settar skorður í 3. mgr. ákvæðisins. Þar segir [að] tjáningarfrelsi manna megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga er tjáningarfrelsinu settar skorður vegna réttinda og mannorðs annarra. Þegar á[k]vörðuð eru mörk tjáningarfrelsisins verður að líta til þess að tryggja þarf að fram geti farið þjóðfélagsleg umræða.

Stefndu byggja á því að tilgreind ummæli séu sönn og vísa til meginreglunnar um að sannindi ummælanna leysi undan ábyrgð. Óumdeilt er að áður en umrædd umfjöllun hófst hafði [lögreglunni] borist tilkynning skiptastjóra Sigurplasts ehf., þar sem [A] sat í stjórn, vegna rökstudds gruns um refsivert athæfi stjórnarmanna í félaginu. Liggur fyrir á tilkynning skiptastjóra byggði á upplýsingum úr skýrslu [endurskoðunarfyrtækisins] frá 31. janúar 2011. Í tölvupósti saksóknara ... til lögmanns [A] frá 16. mars 2011 kom fram að tilkynning skiptastjóra væri „til skoðunar“. Þá segir í tölvupóstinum að tvær kærur hafi legið fyrir hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, m.a. á hendur stefnanda, og sé „litið til framangreindra kæra“. Hins vegar er þar fullýrt að ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um lögreglurannsókn eða sakarefni afmarkað.

[Kærendur] byggja á því að ekki komi fram í ummælum þeim, sem krafist sé ómerkingar á, að sérstök formleg ákvörðun hafi verið tekin um rannsókn hjá [lögreglunni] og að ekki beri að túlka ummælin rýmra en almenn merking orðanna gefur tilefni til. Hér verður að líta til þess, að almennt eru gerðar þær kröfur til fjölmiðla að þeir byggji umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum. Að þessu virtu og með hliðsjón af því [að ekki lá fyrir formleg ákvörðun um rannsókn] á [félaginu] og [stjórnarmönnum] þess, þ. á m. [A], hjá [lögreglunni], verður ekki á framangreind sjónarmið stefndu fallist. Engin lögreglurannsókn var hafin gegn stefnanda og voru ummælin „LÖGREGLAN RANNSAKAR LEKTOR“ og „LEKTOR Í VIÐSKIPTAFRÆÐI FLÆKTUR Í LÖGREGLURANNSÓKN“ því efnislega röng en ummælin eru í raun sömu merkingar. Verður ekki talið að það hefði verið óhæfilegum

erfiðleikum bundið að sannreyna hvort slík lögreglurannsókn væri í raun hafin. Þá var orðfærið til þess fallið að vekja þann skilning lesenda að stefnandi væri sakborningur í lögreglurannsókn vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi sinnar. Var með þessu vegið að æru [A]. Af þessum sökum verður að fallast á það með [A] að [kærendur] hafi, með birtingu framangreindra ummæla, brotið gegn ákvæðum 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt öllu framansögðu og með vísan til ákvæða 1. mgr. 241. gr. sömu laga er fallist á kröfu [A] um ómerkingu hinna tilgreindu ummæla. Hins vegar þykja ekki efni til að beita refsingu og er refsikröfu stefnanda því hafnað.

17. 8. maí 2012 áfrýjuðu kærendur dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

18. Með dómi, sem kveðinn var upp 6. desember 2012, staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms og gerði kærendum að greiða að auki 500.000 krónur í málskostnað A fyrir Hæstarétti.

19. Í rökstuðningi sínum kom m.a. eftirfarandi fram hjá Hæstarétti:

„... Framangreindur tölvupóstur [saksóknara] verður ekki skilinn á annan veg en þann að svarið taki til þess að engin rannsókn hafi þá verið hafin vegna þeirra þriggja kæra, sem borist höfðu [lögreglu] og vísað er til í póstinum. Ekkert liggur fyrir um að slík rannsókn hafi hafist síðar og verður [A] ekki látinn bera hallann af því að hafa ekki undir rekstri málsins sinnt áskorun [kærenda] um að afla frekari staðfestingar á því að rannsókn væri ekki hafin.

Með þessum athugasemdum, [og] með vísan til forsendna héraðsdóms, verður staðfest niðurstaða hans um ómerkingu ummæla og um birtingu dóms og forsendna hans í næsta tölublaði DV og í næstu netútgáfu dv.is eftir uppkvaðningu dóms þessa. Hin ómerktu ummæli voru röng og meiðandi fyrir [A]. Við athugun á umfjöllun og myndbirtingum um málefni [fyrirtækisins] og fyrirsvarsmanna þess í prentaðri útgáfu DV og netútgáfu [DV] er gerð atлага að mannorði [A], sem þá voru engar forsendur fyrir. “...

20. Með bréfi dags. 31. maí 2013 tilkynnti sérstakur saksóknari öðrum fulltrúa félagsins að „rannsókn“ ásakananna á hendur honum og A hefði verið felld niður og að málinu hefði verið vísað frá.

## II. TILVÍSUN TIL LAGA

21. Viðeigandi ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, almennra hegningarlaga og skaðabótalaga eru tilgreind í máli Erlu Hlynsdóttur gegn Íslandi (nr. 3), nr. 54145/10, 18.-22. gr., 2. júní 2015.

22. Í lögum nr. 57/1956, um prentrétt, í V. kafla, um ábyrgð á efni rita, er að finna eftirfarandi ákvæði sem við eiga:

### 13. gr.

„Hver sá, sem birtir eða dreifir eða á hlut að birtingu eða dreifingu annars rits en blaðs eða tímarits, ber refsí- og fébótaábyrgð samkvæmt almennum reglum laga, ef efni ritsins brýtur í bága við lög.“

### 15. gr.

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

### 23. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, er svohljóðandi:

„Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu, undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra, nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum.

Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki. Enn fremur skal lögregla rannsaka mannlát, mannhvörf, eldsvøða, slys og aðrar ófarir, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi. Ríkissaksóknari getur gefið lögreglu fyrirsmáli um að hefja rannsókn, sbr. 3. mgr. 21. gr.

Kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn skal beint til lögreglu eða ákæranda. Nú er háttsemi ekki refsiverð nema brotþoli krefjist þess að sakamál skuli höfðað og skal þá ekki byrja rannsókn nema samkvæmt kröfu hans. Um kröfuna gilda annars ákvæði 144. gr. eftir því sem við á.

Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni. Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

Nú er kæru vísað frá eða rannsókn hætt skv. 4. mgr. og er lögreglu þá skylt að tilkynna það kæranda hafi hann hagsmuna að gæta. Skal honum jafnframt bent á að hann geti kært ákvörðunina til ríkissaksóknara skv. 6. mgr.

Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu skv. 4. mgr. til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana eða hann fær vitneskju um hana með öðrum hætti. Ber ríkissaksóknara að taka afstöðu til kærunnar innan þriggja mánaða frá því að hún berst honum. Ríkissaksóknari getur jafnframt ákveðið að eigin frumkvæði að kæru skuli vísað frá eða að rannsókn skuli hætt, enda sé eitthvert skilyrði 4. mgr. fyrir hendi. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin, en tilkynna skal kæranda hana eftir því sem segir í 5. mgr.

Lögreglu er skylt að rökstyðja í stuttu máli ákvarðanir sínar skv. 4. mgr. ef þess er óskað.“

### 24. 84. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er svohljóðandi:

„Ef skiptastjóri fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem hann telur geta gefið tilefni til rökstudds gruns um að þrotamaðurinn eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal hann tilkynna það embætti sérstaks saksóknara. Skiptastjóra er óskylt að leita eftir slíkri vitneskju umfram það sem leiðir af upplýsingaöflun hans starfa sinna vegna.“ .

## LAGAATRÍÐI

### I. MEINT BROT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

25. Kærendur töldu að dómar íslensku dómstólanna hefðu falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi þeirra, sem ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi, og þar með brotið gegn 10. gr. sáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

26. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

### Meðferðarhæfi

27. Að mati dómstólsins er kærán ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

### B. Málsástæður

#### 1. Sjónarmið aðila

##### (a) Kærendur

28. Kærendur töldu að hinir íslensku dómstólar hefðu sakfelld þá fyrir meiðyrði á grundvelli þröngrar lögfræðilegrar túlkunar á orðunum „rannsókn“ og „skoðun“, sem ekki samræmdu almennri merkingu þeirra í íslensku máli. Skilgreiningar orðanna í íslenskri orðabók væru svipaðar.

29. Að mati kæranda gætu hinir íslensku dómstólar ekki gert þá kröfu til blaðamanna, í umfjöllun þeirra um kærur sem bærust lögreglu, að þeir þekktu mismunandi lögfræðilega merkingu orðanna „rannsaka“ og „skoða“ umfram það sem almenn merking orðanna gefur tilefni til.

30. Kærendur bentu ennfremur á að þótt orðið „rannsókn“ hefði sérstaka lögfræðilega merkingu í lögum um meðferð sakamála hefði ákærvaldið ekki gert skýran greinarmun á því hvenær kera í máli færðist úr því að vera til „skoðunar“ og yfir í það að vera til „rannsóknar“.



31. Ennfremur hefði fjölmiðlaumfjöllunin sem um ræðir falið í sér framlag til opinberrar umræðu um fjárhagslega stöðu og hugsanlega saknæmt athæfi félagsins. Fyrir umfjöllunina hefðu talsmenn félagsins komið fram í fjölmiðlum og skýrt frá fjárhagslegum erfiðleikum þess. Umfjöllunin í DV hefði því átt erindi til almennings og verið hluti af umræðu sem uppi hefði verið í fjölmiðlum. Þá töldu kærndur að við ákvarðanatöku sína í málinu hefðu hinir íslensku dómstólar ekki tekið mið af efni greinarinnar í sambengi fjármálakreppunnar á Íslandi í umfjöllun sinni um það hvers konar fjölmiðlaumræða ætti erindi við almennig.

32. Kærandi vísaði einnig til 52. gr. laga um meðferð sakamála og 84. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem lögregluyfirvöldum er beinlínis gert skylt, að mati kæranda, að rannsaka kærur sem berast frá skiptastjóra þrotabús þar sem grunsemdir eru uppi um refsiverða háttsemi.

#### (b) Ríkið

33. Að mati ríkisins byggði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda á ríkri þjóðfélagslegri þörf og var hún studd viðeigandi og fullnægjandi rökum, það er að segja [verndun] á mannorði og rétti A, og jafnframt hefðu þær ráðstafanir sem gerðar voru verið hóflegar í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

34. Taldi ríkið að hin umdeildu ummæli hefðu falið í sér staðhæfingar um staðreyndir og að kærndur hefðu ekki gætt jafnræðis í framsetningu þeirra. Ummælin hefðu byggt á staðreyndavillum sem auðvelt hefði verið að sannreyna. Hefðu kærndur ekki reynt að sannreyna upplýsingarnar með því að hafa samband við A eftir ýmsum leiðum sem þeim stóðu opnar. Eftir birtingu upplýsinganna hefði A lagt fyrir þá tölvupóst frá saksóknara þar sem fram kom að engin rannsókn hefði verið hafin. Kærndur hefðu ekki dregið til baka ummælin eða birt leiðréttingu í blaðinu. Vísaði ríkið þessu til stuðnings til málanna *Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi*, nr. 45130/06, 6. apríl 2010, og *Rusu gegn Rúmeníu*, nr. 25721/04, 8. mars 2016.

35. Ríkið taldi að hugtakið „lögreglurannsókn“ hefði skýra og afmarkaða merkingu í lögfræðilegum og almennum skilningi. Til að veita almenningi réttar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við reglur ábyrgrar blaðamennsku væri brýnt að nota lögfræðileg hugtök með réttum hætti í fréttaumfjöllun. Annað gæti verið villandi og, í þessu tilfelli, beinlínis rangt. Kærndur væru reyndur blaðamaður og tveir ritstjórar, sem hefðu átt að gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þess að nota rétt lögfræðileg hugtök um lögreglurannsóknir eða kærur sem bærust lögreglunni.

36. Loks taldi ríkið að ummælin hefðu ekki verið framlag til almennrar umræðu um samfélagsmál. Jafnvel þótt fjármálakreppan hefði verið mikilvægt samfélagslegt málefni hefði gríðarlegur fjöldi fyrirtækja, einkaaðila og einstaklinga komist í fjárhagsvandræði af þeim sökum og ekki ætti að gera þeim að sæta opinberri umræðu af þeirri ástæðu einni að

vandræðin hefðu tengst fjármálakreppunni. Ennfremur væri A ekki opinber persóna né heldur vel þekktur í íslensku samfélagi.

## 2. Álit dómstólsins

### (a) Hvort um afskipti hafi verið að ræða

37. Óumdeilt er milli aðila að hinir umdeildu dómar hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af tjáningarfrelsi kæranda, sem tryggt er samkvæmt 1. mgr. 10. gr. [Mannréttindasáttmálans].

### (b) Hvort þau hafi verið samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og haft lögmatan tilgang

38. Ennfremur er óumdeilt að hinar umdeildu ráðstafanir hafi átt stoð í 235. og 241. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. 15. gr. prentlaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og hafi haft lögmatan tilgang, þ.e. að vernda mannorð og réttindi A.

### Hvort afskiptin hafi verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi

#### (i) Meginreglur

39. Meginreglurnar varðandi það álitaefni hvort afskipti af tjáningarfrelsi séu „nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi“ eru vel þekktar í réttarframkvæmd Mannréttindadómstólsins (sjá m.a. *Delfi AS gegn Eistlandi* [GC], nr. 64569/09, 131. og 132. gr., ECHR 2015, með frekari tilvísunum).

40. Ennfremur, þar sem Mannréttindadómstóllinn hefur í fjölmörg skipti þurft að fjalla um deilumál þar sem nauðsynlegt er að ígrunda sanngjarnt jafnvægi milli réttarins til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. Mannréttindasáttmálans og tjáningarfrelsis, hafa hjá dómstólnum þróast ríkuleg dómafordæmi á þessu sviði (sjá m.a. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi* [GC], nr. 40454/07, 83.-93. gr., ECHR 2015 (útdrættir)).

41. Minnt er á að til þess að 8. gr. komi til álita þarf atlaga gegn æru manns að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að hún hafi í för með sér skerðingu á rétti manns til þess að njóta friðhelgi einkalífs. Þau viðmið sem til álita koma þegar rétturinn til tjáningarfrelsis er veginn á móti réttinum til friðhelgi einkalífs eru: erindi í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi er og hvert sé efni fréttarinnar, fyrra athæfi viðkomandi, aðferðin við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetning og afleiðingar birtingarinnar og þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð eru (sjá t.d. *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* [GC], nr. 39954/08, 83. og 89.-95. gr., 7. febrúar 2012 og *Von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2)* [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 108.-113. gr., ECHR 2012).

*(ii) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál*

42. Í þessu máli telur dómstóllinn viðeigandi að líta á framangreindar meginreglur í eftirfarandi röð: aðferðina við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetningu og afleiðingar birtingarinnar, erindi í almenna þjóðfélagsumræðu, hversu vel þekktur viðkomandi er, hvert sé efni fréttarinnar og fyrra athæfi viðkomandi, svo og þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð eru.

*(a) Aðferðin við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra*

43. Kjarni málsins fyrir íslensku dómstólunum var hvort lögreglan hefði haft skýrslu sem barst frá skiptastjóra til „rannsóknar“ eða „skoðunar“ eftir að grunsemdir voru settar fram um refsivert athæfi í skýrslunni frá 31. janúar 2011 af hálfu endurskoðunarfyrtækisins. Íslensku dómstólarnir gerðu þannig skýran greinarmun á íslensku orðunum „rannsókn“ og „til skoðunar“ sem óumdeilt er að hafi sömu merkingarnar og orðin „investigation“ og „to examine“ á ensku.

44. Í dómi sínum frá 5. mars 2012 tók héraðsdómur fram að óumdeilt væri að áður en blaðaumfjöllunin hófst hefði lögreglunni borist tilkynning frá skiptastjóra vegna rökstudds gruns um refsivert athæfi stjórnarmanna í félaginu, þar sem A sat í stjórn, og að upplýsingarnar frá skiptastjóra byggðu á skýrslu endurskoðunarfyrtækisins frá 31. janúar 2011. Með vísan til tölvupóstsins frá 16. mars 2011 frá saksóknara til lögmanns A, þar sem staðfest var að kæra skiptastjóra hefði borist og væri til „skoðunar“, að tvær kærur sem borist höfðu lögreglunni væru einnig til athugunar en að engin formleg ákvörðun hefði verið tekin um að hefja „rannsókn“ lögreglu, komst héraðsdómur hins vegar að þeirri niðurstöðu að ummælin „lögreglan rannsakar lektor“ og „lektor [í viðskiptafræði] flæktur í lögreglurannsókn“ væru efnislega röng. Að auki taldi héraðsdómur að almennt væru gerðar þær kröfur til fjölmiðla að þeir byggji umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum og að ekki hefði verið óhæfilegum erfiðleikum bundið að sannreyna hvort lögglurannsókn væri í raun hafin. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu.

45. Dómstóllinn fellst á að ekki hafi verið sérstök ástæða til þess að leysa fjölmiðla undan þeirri almennu skyldu þeirra að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir, sem kynnu að vera meiðandi fyrir einstaklinga. Verður litið til hinnar umdeildu greinar í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð eru í umþrættum hlutum greinarinnar og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta hennar. Fyrir dómstólnum liggur að taka til skoðunar hvort kærundur hafi verið í góðri trú og tryggt að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir. Í þessari skyldu felst krafa um að blaðamaður reiði sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær er, með hliðsjón af því að þeim mun alvarlegi sem staðhæfingin er, því traustari þarf

staðreyndagrunnurinn að vera (sjá m.a. *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, nr. 46443/09, 71. gr., 10. júlí 2012).

46. Dómstóllinn veitir því athygli að kærendur leituðu ekki staðfestingar af hálfu lögreglu eða saksóknara á því hvort skýrslan frá skiptastjóra væri til skoðunar eða rannsóknar áður en hin umdeilda grein var birt 14. mars 2011, né heldur leiðréttu þeir hin umdeildu ummæli að beiðni lögmanns A eftir að þeim hafði borist afrit af framangreindum tölvupósti frá 16. mars 2011.

47. Kærendur báru hins vegar að þeir hefðu aðeins notað hina almennu merkingu „rannsóknar“ og að ekki væri unnt að gera þá kröfu til blaðamanna, sem skrifuðu um kærur til lögreglu, að þeir gerðu sér grein fyrir mismunandi lögfræðilegri merkingu orðanna „rannsaka“ og „skoða“. Bentu þeir á að þótt orðið „rannsókn“ hefði sérstaka lögfræðilega merkingu í lögum um meðferð sakamála hefði ákærvaldið ekki gert skýran greinarmun á því hvenær kæra í máli breyttist úr því að vera til „skoðunar“ og í það að vera til „rannsóknar“.

48. Eins og dómstóllinn hefur áður komist að niðurstöðu um, er ekki unnt að gera þá kröfu til blaðamanns rits, sem er í almennri dreifingu, að setja sig að fullu inn hugtakanotkun og fyrirkomulag löggæslu eða meðferðar dómsmála (sjá *Ormanni gegn Ítalíu*, nr. 30278/04, 69. gr., 17. júlí 2007). Af því leiðir að dómstóllinn getur ekki fallist á að kærendum hafi verið skylt skv. 2. mgr. 10 gr. Mannréttindasáttmálans að gera greinarmun á „rannsókn“ og „skoðun“ umrædds máls eða að gera sérstaka tæknilega grein fyrir málsmeðferðinni hjá lögreglu sem þeir vísuðu til, a.m.k. að því marki að hugtökinn sem notuð voru höfðu ekki beina þýðingu fyrir skilning lesanda á efninu til tjóns fyrir A (sjá 43. mgr. hér að framan). Ennfremur veitir dómstóllinn því athygli að svo virðist á tilkynningunni frá 31. maí 2013 frá saksóknara að á einhverjum tímapunkti hafi kærurnar á hendur A breyst frá því að vera til „skoðunar“ til þess að vera til „rannsóknar“ og endanlega til þess að vera „vísað frá“ (sjá 20. mgr. hér að framan) án þess að tekið væri fram í tilkynningunni hvenær ákvörðun hefði verið tekin um að færa málið af stigi „skoðunar“ til stigs „rannsóknar“.

49. Loks er mikilvægt atriði að fyrir birtingu greinarinnar var kærendum kunnugt um skýrslu endurskoðunarfyrtækisins frá 31. janúar 2011, þar sem fram komu grunsemdir um refsivert athæfi af hálfu stjórnarmanna. Þeim var einnig kunnugt um að skiptastjóri hefði tilkynnt um þetta til lögreglunnar (sjá 84. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. í 24. mgr. hér að framan). Dómstóllinn veitir því hins vegar athygli að þeim var ekki kunnugt, og gat ekki verið kunnugt, um formlegan tölvupóst saksóknara þar sem staðfest var að kærurnar væru til „skoðunar“ (sjá 11. mgr. hér að framan) sem var ekki sendur eða framsendur til kæranda fyrr en tveimur dögum eftir birtinguna. Það er því ljóst að greinin byggði á nægilega traustum og áreiðanlegum staðreyndagrunni. Dómstóllinn telur því að ríkið hafi ekki sýnt fram á að kærendur hafi ekki verið í góðri trú eða vanrækt að tryggja að greinin væri skrifuð í samræmi við þá almennu skyldu blaðamanna að kanna staðhæfingar um staðreyndir.

*(β) Efni, framsetning og afleiðingar hinnar umdeildu greinar*

50. Að því er varðar efnið (það er á hvern hátt viðkomandi er kynntur með ljósmynd eða umfjöllun (sjá *Axel Springer AG* gegn Þýskalandi, 94. gr. (sjá tilvísun hér að framan)) töldu íslensku dómstólarnir að gefið hefði verið í skyn við lesendur með hinum umdeildu ummælum að A væri sakborningur í refsímáli vegna saknæmrar og refsiverðrar háttsemi. Dómstóllinn dregur því ekki í efa það sjónarmið ríkisins að með greininni hafi verið vegið að æru manns með þeim hætti að það varðaði 8. gr. Mannréttindasáttmálans.

51. Með vísan til niðurstöðu sinnar hér að framan, um að við þær aðstæður sem uppi voru í máli þessu hafi ekki veið unnt að ætla kærendum að gera greinarmun á „rannsókn“ og „skoðun“, telur dómstóllinn að efni greinarinnar hafi takmarkast við að greina frá því að lögreglan hefði verið upplýst af skiptastjóra um rökstuddan grun um refsivert athæfi af hálfu stjórnarmanna í stjórn þar sem A átti sæti, að upplýsingarnar sem skiptastjóri veitti hafi byggt á skýrslu endurskoðunarfyrtækisins frá 31. janúar 2011 og að skýrslan væri til umfjöllunar. Mikilvægt er að í greininni var ekki staðhæft að A hefði verið kærður, sætti ákæru, hefði verið dreginn fyrir dóm, væri sekur eða hefði verið sakfelldur fyrir afbrot. Efni greinarinnar, tekið í heild sinni og í samhengi, gekk því ekki lengra en að lýsa eðli og umfangi þeirra efnislegu upplýsinga sem kærendur byggðu frétttaflutning sinn á.

*(γ) Erindi í almenna þjóðfélagsumræðu*

52. Íslensku dómstólarnir töldu að þegar ákvörðuð væru mörk tjáningarfrelsisins yrði að líta til þess að tryggja þyrfti að fram geti farið þjóðfélagsleg umræða. Ekki er ljóst hvort íslensku dómstólarnir komust að niðurstöðu um það efni en óumdeilt er að fyrir birtingu hinnar umdeildu blaðagreinar höfðu talsmenn félagsins rætt ástæðurnar fyrir fjárhagslegum vandræðum þess oftast en einu sinni í fjölmiðlum. Dómstóllinn telur því að efni greinarinnar almennt, þ.e. grunsemdirnar um refsivert misferli stjórnarmanna félagsins, ætti erindi til almennings, einnig þegar haft er í huga að með réttu hefði mátt líta á það í hinu stærra samhengi fjármálakreppunnar á Íslandi.

*(δ) Hversu vel þekktur viðkomandi er og efni fréttarinnar og fyrra athæfi A fyrir birtingu hinna umdeildu greina*

53. Íslensku dómstólarnir fjölluðu ekki sérstaklega um hvort A væri vel þekktur né um fyrra athæfi hans. Ríkið benti á að A væri ekki þátttakandi í stjórn málum og gegndi ekki opinberu embætti. Ennfremur væri A ekki opinber persóna né heldur vel þekktur á Íslandi. Dómstóllinn telur að meta verði stöðu A í samhengi við matið á því lögmæta erindi sem efni greinarinnar, sem kærendur birtu, átti við almenning (sjá 52. mgr. hér að framan). Í því sambandi bendir dómstóllinn á að A var lektor í viðskiptafræði, þ.e. kennari á háskólastigi í greininni, jafnframt því að vera formaður stjórnar og einn af eigendum leiðandi iðnfyrirtækis. Ennfremur varðaði efni skýrslu

skiptastjóra, sem greinin byggði á, grunsemd um refsivert athæfi af hálfu stjórnar félagsins, þar sem A átti sæti. Dómstóllinn getur því ekki fallist á þá röksemd ríkisins að A hafi átt fullan rétt á sama verndarstigi og einstaklingur sem væri með öllu ókunnur almenningi þegar litið er til faglegrar stöðu hans, svo og efnis greinarinnar og tengsla hans við þau málefni sem athygli var vakin á (sjá *Axel Springer AG gegn Þýskalandi*, 91. mgr., sjá hér að framan).

(ε) Þyngd viðurlaganna sem ákvörðuð voru

54. Dómstóllinn vekur athygli á því að meiðyrðamálinu, sem höfðað var gegn kændum, lauk með dómsorði íslensku dómstólanna þar sem ummælin voru lýst dauð og ómerk og kændum var gert að greiða A 200.000 krónur í miskabætur með vísan til skaðabótalaga, auk vaxta, 200.000 krónur vegna kostnaðar við birtingu dómanna í tveimur dagblöðum og 1.000.000 krónur í málskostnað A í héraði og fyrir hæstarétti. Þótt bæturnar feli ekki í sér refsingu samkvæmt hegningarlögum, og þótt fjárhæðin kunni ekki að virðast íþyngjandi, vill dómstóllinn ítreka að við mat á meðalhófi, hvort sem viðurlögin teljast minni háttar eða ekki, skiptir máli sú staðreynd ein og sér að dómur hafi verið kveðinn upp gegn viðkomandi, jafnvel þegar niðurstaðan er alfarið einkaréttarlegs eðlis. Hvers kyns ótilhlýðilegri takmörkun á tjáningarfrelsi fylgir í raun hættu á því að hindra eða lama framtíðarumfjöllun fjölmiðla um sambærileg álitamál (sjá t.d. *Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi*, sjá hér að framan, 151. gr.).

(ζ) Niðurstaða

55. Í ljósi framangreinds telur dómstóllinn að íslensku dómstólarnir hafi ekki gætt að því að taka mið af viðeigandi forsendum í dómaframkvæmd dómstólsins þegar réttur kæranda til tjáningarfrelsis var veginn á móti rétti A til æru sinnar, bæði varðandi birtingu greinarinnar 14. mars 2011 og meinta synjun kæranda að leiðrétta greinina eftir 16. mars 2011. Þá er ekki ljóst af röksemdafærslu hinna íslensku dómstóla hvaða ríka þjóðfélagslega þörf var uppi í þessu máli sem réttlætti að réttur A nyti verndar umfram rétt kæranda eða hvort afskiptin sem um ræðir hefðu verið hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að (sjá *Ristamäki og Korvola gegn Finnlandi*, nr. 66456/09, 56. gr., 29. október 2013), einnig þegar litið er til dómsins sem felldur var kændum í óhag í meiðyrðamáli.

56. Í þessu ljósi hlýtur það að vera niðurstaða dómstólsins að íslensku dómstólarnir hafi ekki gætt eðlilegs jafnvægis í meðalhófi milli þeirra aðgerða sem gripið var til, þ.e. að skerða tjáningarfrelsi kæranda, og þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að.

57. Í ljósi þessa er það niðurstaða dómstólsins að brotið hafið verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.

## II. GILDI 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

58. 41. gr. Mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða sammingsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi sammingsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

59. 60. gr. reglna dómstólsins er svohljóðandi:

„1. Kærandi, sem hyggst leita eftir sanngjörnum bótum skv. 41. gr. Mannréttindasáttmálans, ef niðurstaða dómstólsins er sú að brotið hafi verið gegn rétti hins samkvæmt Mannréttindasáttmálum, skal leggja fram sérstaka kröfu um bætur.

2. Kæranda ber að leggja fram sundurliðaðar upplýsingar um allar kröfur ásamt viðeigandi fylgiskjöllum innan þess frests sem veittur er kærendum til þess að skila inn sjónarmiðum sínum um málsástæður, nema forseti deildarinnar ákveði annað.

3. Hlíti kærandi ekki þeim kröfum sem settar eru fram í málsgreinunum hér að framan getur deildin hafnað kröfunum í heild eða að hluta.

...“

60. Kærandur lögðu fram kröfur sínar um sanngjarnar bætur utan tilskilins frests án þess að fara fram á að fresturinn yrði framlengdur áður en hann rann út (sjá 5. mgr. hér að framan). Dómstóllinn telur af þeim sökum að ekki sé tilefni til þess að dæma þeim neina fjárhæð.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ  
ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran sé tæk til meðferðar.
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 4. maí 2017 skv. 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Abel Campos  
Ritari

Linus-Alexandre Sicilianos  
Forseti

Í samræmi við 2. mgr. 45. gr. Mannréttindasáttmálans og 2. mgr. 74. gr. reglna dómstólsins fylgir dómi þessum sérálit Koskelo, dómara.

L.A.S  
A.C

## SÉRÁLIT KOSKELO, DÓMARA

1. Ég hef greitt atkvæði með meðdómurum mínum um að brotið hafi verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans í máli þessu en þótt ég sé í megindráttum sammála þeim röksemdum sem fram eru settar í dóminum vil ég bæta við eftirfarandi athugasemdum.

2. Þetta mál er gott dæmi um mikilvægi gæða innlendrar málsmeðferðar og ákvarðana við aðstæður af þessum toga, þar sem undirliggjandi deiluefni varðar réttindi tveggja eða fleiri einstaklinga samkvæmt Mannréttindasáttmálanum sem stangast á. Það er aðeins á innlendum vettvangi sem báðir aðilar, sem eiga gagnstæðan rétt, koma að málsmeðferðinni. Því er einungis unnt að tryggja fulla sanngirni og jafnræði aðila við málsmeðferðina fyrir innlendum dómstólum. Við málsmeðferð fyrir þessum dómstól eru ekki uppi sambærilegar aðstæður, þar sem einn upphaflegra aðila að deilunni kemur ekki að málum og kæra hins aðilans er tekin til umfjöllunar án þess að gagnaðilinn í hinni innlendu málsmeðferð komi sjónarmiðum sínum að. Þótt ríki, sem varnaraðili fyrir þessum dómstól, geti haldið uppi vörnum fyrir ákvarðanir innlendra yfirvalda er það ekki hlutverk þess að koma fram fyrir hönd hins einkaaðilans, sem einnig átti réttar að gæta í hinni innlendu málsmeðferð, né heldur er ríkið í aðstöðu til þess. Að rétt jafnvægi finnist milli gagnstæðra réttinda veltur því í grundvallaratriðum á gæðum innlendu málsmeðferðarinnar og ákvarðana þar en hlutverk þessa dómstóls takmarkast við að fara yfir hinar innlendu ákvarðanir eins og þær standa á grundvelli kæranna og sjónarmiðanna sem lögð eru fram í þessu máli. Hvers kyns annmarkar á málsmeðferðinni fyrir hinum innlendu dómstólum geta komið í veg fyrir að þessi dómstóll hafi fyrir sér heildarmynd og/eða að hann fjalli um öll atriði hins undirliggjandi máls sem var fyrir innlendu dómstólunum, jafnvel þótt þau hefðu annars skipt máli fyrir greiningu málsins samkvæmt Mannréttindasáttmálanum.

3. Í þessu máli átti hin innlenda málsmeðferð rætur í kröfu um bætur sem sett var fram af A gegn kændum á þeim forsendum að hinir síðarnefndu hefðu fjallað í forsíðugrein um kæru refsiverðs brots til lögreglu þar sem A átti hlut að máli. Hann hefði bæði verið nafngreindur og birt af honum mynd í prenti og á netinu.

4. Við aðstæður sem þessar veltur jafnvægið, sem finna þarf milli hinna gagnstæðu réttinda, þ.e.a.s. tjáningarfrelsisins, sem verndað er samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmálans annars vegar, og réttar viðkomandi einstaklings til verndar mannorði sínu, sem viðurkenndur er samkvæmt 8. gr. sáttmálans, hins vegar, á margvíslegum aðstæðum og sjónarmiðum, sem þróast hafa og fjallað hefur verið um í fordæmum dómstólsins. Þótt hinar almennu meginreglur, sem byggja ætti á við matið, séu vel þekktar er bæði ljóst og óhjákvæmilegt að niðurstöðurnar munu velta að verulegu leyti ekki aðeins á efnislegum málavöxtum hvers máls heldur á því hvernig tekið er á málavöxtunum við innlendu málsmeðferðina. Það veltur aftur á móti á því



hvernig málavextirnir hafa verið settir fram, sannaðir og rökstuddir við innlendu málsmeðferðina og hvernig á þeim hefur verið tekið og um þá fjallað af hálfu innlendu dómstólanna. Gæði hinnar innlendu málsmeðferðar eru ekki aðeins mikilvæg, þau geta ráðið úrslitum um niðurstöðuna, þ.m.t. um niðurstöðu yfirferðar málsins af hálfu þessa dómstóls.

5. Þegar einstaklingur er „afhjúpaður“ fyrir almenningi í fjölmiðlum með tilvísunum þar sem hann er nafngreindur og sagður sæta grunsemdum um refsiverða háttsemi er það ekki léttvægt mál. Við svo vandmeðfarnar aðstæður þarf að taka tillit til nokkurra þátta í samræmi við réttarframkvæmd dómstólsins þegar fjallað er um hvort, og að hvaða marki, rétturinn til tjáningarfrelsis vegur þyngra en réttur einstaklingsins til þess að njóta að einhverju marki sanngjarnrar meðferðar af hálfu fjölmiðla og fyrir almenningi, auk þeirrar verndar sem hann á rétt á gagnvart opinberum yfirvöldum skv. 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

6. Þegar fjölmiðlar fjalla um afbrot og nafngreina í því sambandi einstaklinga, einkum meðan á meðferð máls stendur, er rétt og skylt að ætlast til þess af þeim að þeir uppfylli ákveðnar kröfur um fagmennsku, ekki aðeins að því er varðar staðreyndagrunninn, sem umfjöllunin byggir á, heldur einnig að því er varðar grundvallaratriði meðferðar sakamála, svo sem mikilvægan greinarmun á mismunandi stigum slíkrar meðferðar og þýðingu þeirra fyrir stöðu þess einstaklings eða einstaklinga sem til umfjöllunar eru. Að mínu mat er ekki til of mikils mælst að atvinnublaðamenn á þessu sviði þekki og skýri frá atriðum svo sem muninum á því að maður sé kærður til lögreglu vegna grunsemda um refsiverða háttsemi og maður sé til rannsóknar hjá lögreglu vegna slíkra grunsemda. Einkum og sér í lagi er ekki til of mikils mælst að missagnir sem máli skipta eða ónákvæmni í þessa (eða svipaða) veru varðandi einstakling sem opinberlega hefur verið nafngreindur sem sakborningur séu síðar leiðréttar, a.m.k. ef fram á það er farið.

7. Ennfremur teldi ég það vera grundvallarkröfu í atvinnublaðamennsku, ef og þegar tjáningarfrelsi er nýtt með því að nafngreina einstakling í samhengi svo sem því sem um ræðir í þessu máli, að veita ætti viðkomandi raunverulegt og sanngjarnt tækifæri til þess að bregðast við og koma að athugasemdum um fréttina, annað hvort í sömu umfjöllun eða a.m.k. litlu síðar. Annað sem skiptir máli er hvort og hvernig upphaflega frétttaflutningnum er fylgt eftir, eftir því sem málsmeðferðinni vindur fram og lýkur með formlegum hætti.

8. Þegar litið er til þessa máls snerust ákvarðanir íslensku dómstólanna um spurninguna hvort hin umdeildu ummæli gætu talist efnislega rétt þegar litið var til þess að engin formleg rannsókn hafði verið hafin af lögreglu á viðkomandi tíma. Að mati íslensku dómstólanna voru hin birtu ummæli röng og meiðandi, þar sem vegið var að mannorði A þegar ekki voru forsendur til þess.

9. Ég get fallist á það með meirihlutanum að í samhengi hinna umdeildu ummæla ber ekki að líta á orðavalið eitt sem úrslitaatriði, þ.e. að ekki sé

gerður formlegur greinarmunur á því að lögreglan hafi haft til „skoðunar“ fremur en til opinberrar „rannsóknar“ þær grunsemdir sem tilkynnt hafði verið um, einkum þegar litið er til almenns skilnings á því orðafari sem notað var (sjá 51. mgr. dómsins). Ég get einnig fallist á þá niðurstöðu að í ljósi stöðu A sem kennara í viðskiptafræði á háskólastigi, vakti sú staðreynd að endurskoðendurnir, sem ráðnir höfðu verið af skiptastjóra, höfðu skilað skýrslu sem vakti grunsemdir um refsiverða háttsemi varðandi eignir félagsins af hálfu stjórnar þess, þar sem A átti sæti, og að slík skýrsla hefði verið lögð fyrir lögregluna, álitæfni um mikilvægt samfélagsmál sem gat réttlætt að A yrði nafngreindur opinberlega á því stigi málsmeðferðarinnar, einkum innan víðara samhengis þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar sem snerist um eftirmála fjármálakreppunnar í landinu (sjá 53. mgr. ásamt 52. mgr. dómsins).

10. Eftir sitja hins vegar hjá mér efasemdir um tilteknar aðrar hliðar á meðferðinni sem A sætti af hálfu kæranda í grein sinni. Af greinargerðum ríkisins má ráða að kærendur hafi ekki gert neina alvarlega tilraun til þess að leita eftir viðbrögðum A fyrir birtinguna. Við þær aðstæður – þar sem erfitt er að koma auga röksemdir fyrir því að einstaklingi sem nafngreindur er sem „sakborningur“ sé ekki veitt sanngjarnt tækifæri til andsvara – skiptir enn meira máli hvernig upphaflegu greininni var fylgt eftir. Að þessu leyti stöndum við frammi fyrir nokkrum ósvöruðum spurningum sem hefðu, a.m.k. að mínum dómi, skipt máli, svo sem hvort A var síðar boðið tækifæri til þess að gera athugasemdir og skýra fyrir almenningi sína hlið á málum og hvort kærendur héldu áfram að fjalla um málið allt að því marki að greina almenningi frá því á síðari stigum að lögreglurannsókninni hefði verið hætt án þess að nokkur ákæra væri gefin út á hendur A (sjá 20. mgr. þessa dóms).

11. Eins og sakir standa er okkur ókunnugt um hvort staðreyndir af þessum toga komu yfirleitt fram fyrir íslensku dómstólunum eða hvort dómstólarnir létu undir höfuð leggjast að fjalla um þær, hvort heldur sem er, í viðleitni sinni til þess að finna rétt jafnvægi.

12. Í þessu sambandi má geta þess, að því er varðar fordæmi samkvæmt Mannréttindasáttmálanum, að í máli *Ormanni gegn Ítalíu* (nr. 30278/04, 17. júlí 2007, sem vísað er til í 48. mgr. þessa dóms), þótt stefnandi í undirliggjandi innlendu málsmeðferðinni hafi ekki, jafnvel í upphafi, verið tekinn fyrir í hinni umdeildu grein á jafnopskáan máta og í þessu máli, tók dómstóllinn tillit til þess í þeirri niðurstöðu sinni að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. að hans hlið á málinu hefðu verið gerð sérstök skil opinberlega í kjölfar upphaflegu greinarinnar. Þannig getur eftirfylgnin skipt máli auk birtingarinnar sjálfrar þegar metið er hvort meðferð fjölmiðla á einstaklingi, sem sætt hefur því að grunsemdir vegna háttsemi hans hafa verið gerðar opinberar, hafi verið innan marka þeirrar verndar sem mannorð hans nýtur samkvæmt 8. gr. Mannréttindasáttmálans.

13. Þetta mál birtist okkur hins vegar með afmarkaðri hætti. Miðað við þær staðreyndir sem byggt er á, þau sjónarmið sem sett voru fram og þau atriði sem fram komu í hinum innlendu ákvörðunum er ég sammála meiri

hlutanum um að þær röksemdir sem gefnar voru af íslensku dómstólunum hafi ekki nægt til þess að réttlæta afskiptin af réttindum kærenda skv. 10. gr. Mannréttindasáttmálans.